

Sp. 151. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um rannsókn á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa.

Flm.: Steinhólr Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka það rækilega, hvort möguleikar séu á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa og þá sérstaklega blómum.

Rannsókn þessari skal hraða svo, að niðurstöður hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi.

Greinargerð.

Engum sjáandi manni blandast hugur um það, að Ísland geymir mjög mikla orku í jarðvarma og fallvötnum. Hin síðari ár hefur verið unnið að því með oddi og egg að beizla þá orku til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Orkuver vinna nú þegar raforku, sem nýtt er af öllum þorra landsmanna og styður að stórvægilegum útflutningi frá stóriðjuveri.

Jarðvarminn hefur einnig verið hagnýttur í vaxandi mæli til nota í landinu sjálfu, bæði til upphitunar húsa á ýmsum þéttbýlissvæðum og sem hitagjafi við ylrækt á grænmeti ýmiss konar og blómum. Allt þetta er mikilvægt, og ber að halda áfram á þeirri braut að hagnýta hitaorkuna svo sem unnt er til nota í landinu sjálfu. En ljóst er, að sú orka, sem felst í hverum á Íslandi, er í svo stórum stíl, að ekki verður séð, að innlendi markaðurinn einn geti hagnýtt hana í næstu framtíð.

Þegar þess er gætt, hversu verðlag á jarðhita á Íslandi er miklum mun lægra en garðyrkjustöðvar í grannlöndum okkar mega búa við, þá er mjög eðlilegt, að menn leiði hugann að því, hvort ekki sé unnt að framleiða hér blóm til útflutnings, þegar það er líka vitað, að ýmis lönd eru svo sett, að þau flytja inn mikið magn þessara vörutegunda og fá ekki fullnægt þeirri eftirspurn, sem fyrir er í þeim löndum. Má í því sambandi nefna t. d. Svíþjóð, Vestur-Þýzkaland og Bandaríkin, svo að nokkur viðskiptalönd okkar séu nefnd.

Nú er það vitað, að einstakir garðyrkjubændur hafa reynt útflutning á blómum. Margt bendir til þess, að framleiðendur hér séu fyllilega samkeppnisfærir um verð. En til þess að hægt sé að átta sig á þessum málum í heild, þarf að gera rækilega könnun á allri aðstöðu. Athuga þarf, hvaða tegundir skuli framleiða, rannsaka söluhorfur, vörumagn og uppbyggingu á framleiðslustöðvum.

Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir þessari rannsókn, svo að tryggt sé, að hún verði sem viðtækust.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögu þessari í framsögu.